

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra atvinnuvega og nýsköpunar  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík.

Reykjavík 9. ágúst 2019.

**Efni:** Umsögn Skot Productions ehf., framleiðslufyrirtækis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (þrengd skilyrði sem þarf að uppfylla til þess að fá endurgreiðslu vegna kvikmyndagerðar hér á landi).

## 1. Almenn

Hinn 16. júlí sl. var birt á samráðsgátt stjórnvalda ofangreint frumvarp.

Hér á eftir fer umsögn Skot Productions ehf., sem framleiðir vandað, íslenskt sjónvarpsefni af ýmsum toga, þar á meðal viðtals- og skemmtipætti fyrir þrjár stærstu sjónvarpsstöðvar og efnisveitur Íslands. Einnig framleiðir Skot sjónvarpsauglýsingar.

Skot þakkar fyrir tækifærið til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri en þau eru all nokkur og verða rakin hér síðar. Skot er ungt fyrirtæki, stofnað fyrir fjórum árum, í lagalegu umhverfi því sem nú er verið að leggja til að breyta.

Ör þróun hefur verið í framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni og er það að miklu leyti frumkvöðlastarfi að þakka sem og endurgreiðslukerfinu sem hefur virkað vel síðan því var komið á, ekki síst eftir að hlutfall endurgreiðslu var hækkað úr 20% í 25% árið 2016 og það einfaldað.

Íslensk framleiðsla byggir á íslensku hugviti, nýsköpun og þekkingu sem mikilvægt er að virkja og efla, nú sem áður.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Skot náð ágætri fótfestu á markaðnum. Hjá fyrirtækinu eru sex fastráðnir starfsmenn auk fjölda verktaka sem ráðnir eru til skamms tíma í senn. Árið 2018 réð Skot til sín 400 verktaka í stór og smá verkefni. Á ársgrundvelli má því reikna með að hjá Skoti séu um 40 full stöðugildi yfir árið.

Verði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum, er rekstrargrundvelli Skots þar með kippt undan fyrirtækinu og það mun ekki geta haldið starfsemi sinni gangandi áfram. Skot harmar að slíkur forsendubrestur verði því, og öðrum fyrirtækjum í ámóta rekstri, að falli.

Hlutverk fjölmiðla er ekki einungis að miðla daglega til áhorfenda fréttum og fréttatengdu efni heldur einnig menningarefni af ýmsu tagi og í ýmsum formum þátta, s.s. viðtalsþáttum, rannsóknarþáttum, heimildarþáttum, raunveruleikaþáttum, skemmtiþáttum og leiknu efni. Allir þessir þættir þjóna íslenski menningu, samfélagi og fjölmiðlun og þeir skapa umræður og hafa áhrif.

Telur Skot það síður en svo vera hins opinbera að ákveða eða stuðla að því að sumar tegundir menningarefnis í sjónvarpi fái endurgreiðslu en aðrar ekki, m.ö.o. er það ekki hlutverk Alþingis að stýra dagskrá einkarekinna sjónvarpsstöðva og efnisveita. Slík stýring stuðlar að einsleitni og rímar engan veginn við yfirlýst markmið stjórnvalda um fjölræði.

Ljóst er að endanlegur kostnaður kaupenda mun hækka verulega. Skot sér því ástæðu til að óttast að kaupendur íslensks sjónvarpsefnis, einkum Sýn og Síminn en einnig RÚV, muni halda að sér höndum og draga verulega úr kaupum á íslensku efni, sem ekki er leikið eða heimildaefni, með þeim afleiðingum að stórlega dragi úr úrvali íslensks efnis í sjónvarpi. Afleiðingarnar af því geta haft skaðleg áhrif á bæði menningar- og málvitund landsmanna. Þetta hlýtur að vera sérstakt áhyggjuefni nú þegar ótextað efni flæðir í stóru auknum mæli inn á íslensk heimili, hvort sem er á YouTube, Netflix, Amazon Prime eða öðrum efnisveitum. Helsta aðgreining íslenskra sjónvarpsstöðva frá þessum stóru, erlendu veitum er íslenskt efni. Með breytingunum sem hér er verið að leggja til, verður minna um slíkt efni og það einsleitara. Veikir það mjög stöðu sjálfstæðra, íslenskra fjölmiðla í samkeppninni við þá erlendu.

Í áformum um lagasetninguna kemur skýrt fram að umræddar tillögur miði að því að horfa í auknum mæli til upphaflegs markmiðs og tilgangs laganna en það er *“að stuðla að eflingu innlendra menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi”*. Skot fær ekki annað séð en að fyrirtækið hafi einmitt, með framleiðslu sinni, átt þátt í að efla innlenda menningu og kynna sögu landsins og náttúru síðustu ár, enda hefur það ávallt uppfyllt öll skilyrði um endurgreiðslu og þess vegna getað boðið kaupendum vandað íslenskt efni á þeim litla markaði sem íslenskt kvikmyndaefni er á.

Skot lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu íslensks sjónvarpsefnis og þar með málvitundar og menningar, verði frumvarp þetta að lögum. Einnig verður grafið undan íslenskum framleiðslufyrirtækjum sem og starfsfólki í kvikmynda- og sjónvarpsiðnaði.

## 2. Áhrif sem þrenging skilyrða mun hafa á framleiðslu íslensks sjónvarpsefnis

Skot leggst gegn því að skilyrði fyrir endurgreiðslu takmarkist við kvikmyndir í fullri lengd, leiknar sjónvarpsmyndir eða röð leikinna sjónvarpsþátta og heimildamyndir. Verða hér færð rök fyrir afstöðu okkar.

2a)

Með því að þrengja þessi skilyrði er vegið að stórum hluta sjónvarpsframleiðslu á Íslandi og fyrirtæki sem byggja afkomu sína á framleiðslu innlends efnis munu verða lögð niður þar sem kaupendur íslensks efnis munu draga verulega úr innkaupum. Atvinnutækifærum í greininni fækkar og þekking mun hverfa.

Hafa ber í huga að framleiðslufyrirtæki sérhæfa sig á mismunandi hátt. Sum sérhæfa sig í heimildarmyndum, önnur í leiknu efni og enn önnur, eins og Skot og mörg minni framleiðslufyrirtæki, sérhæfa sig í skemmti-, raunveruleika- og viðtalsþáttum. Þessar breytingar munu verða til þess að framleiðendum er mismunað og fótunum kippt undan rekstrargrundvelli margra slíkra fyrirtækja. Það mun valda ójafnvægi í iðnaðinum og mismuna fyrirtækjum sem eru í samkeppnisrekstri. Breytingarnar munu því stuðla að fækkun stöðugilda í iðnaðinum og verða til þess að mikilvæg þekking tapast og störfum fækkar.

2b)

Skýtur það skökku við að eingöngu fyrirtæki sem þjónusta erlenda framleiðendur eigi lífsmöguleika/tilvistargrundvöll hér á landi (jafnvel þótt þrengja eigi verulega að þeirri starfsemi líka í umræddu frumvarpi með hugmyndum um 400 m.kr. þak á endurgreiðslum á ári) en stór steinn sé lagður í götu þeirra sem byggja afkomu sína á íslenskri framleiðslu. Stríðir það mjög gegn því sem sagt er að sé tilgangur laganna en það er að stuðla að eflingu innlendarar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru með tímabundnum stuðningi við kvikmyndir og sjónvarpsefni sem framleitt er hér á landi.

2c)

Skot lýsir yfir óánægju sinni með skort á samráði við fyrirtæki í greininni sem og bágan undirbúning vinnuhópsins. Þekkingarskortur hópsins á atvinnugreininni blasir við og illa ígrundaðar tillögur hans eru nú þegar farnar að skaða verkefni í þróun vegna þeirrar óvissu sem hefur skapast. Koma tillögurnar fólki og fyrirtækjum í iðnaðinum í opna skjöldu þar sem um kúvendingu er að ræða frá þeim lögum sem öðluðust gildi 31. desember 2016 og snerust um að efla og framlengja þágildandi kerfi um endurgreiðslur.

2d)

Stóru, leiknu verkefni sem áfram munu njóta endurgreiðslu, innlend sem erlend, eru fágæt og ekkert innlent fyrirtæki getur byggt afkomu sína á þeim eingöngu. Það eru smærri verkefni sem tryggja rekstrargrundvöll framleiðslufyrirtækjanna allt árið um kring, þau sveiflujafna framleiðsluna eins og haghafar bentu vinnuhópnum á (sjá bls. 10 í skýrslu vinnuhópsins) sem og að tökutímabil utan háannatíma væru mikilvæg. Smærri verkefni tryggja jafnframt að framleiðslufyrirtækin búi yfir þeirri þekkingu sem þarf til að takast á við stórverkefni, hvort sem er innlend eða erlend.

2e)

Skot harmar ef stigin verða þessi skref aftur á bak á annars ágætri vegferð íslensks kvikmyndaiðnaðar þar sem markmiðið hefur frá upphafi verið að efla innlenda kvikmyndagerð með þeim afleiðingum að fjöldi verkefna og umfang hefur aukist og þar með fagstörfum í greininni á ársgrundvelli.

### **3. Rekstrarumhverfi framleiðslufyrirtækja**

Kvikmyndaiðnaðurinn er enn ungur á Íslandi og hefur löngum búið við erfið starfsskilyrði. Arðsemi íslenskra framleiðslufyrirtækja og raunar flestra einkarekinna fyrirtækja á fjölmiðlamarkaði er ekki mikil og oft á tíðum engin. Ástæðan er fyrst og fremst smæð markaðarins en einnig má nefna fleiri þætti s.s. sterka stöðu Ríkisútvarpsins, sem þrengir að einkareknum aðilum úr ýmsum áttum. Skoti þykir hart að vegið sé að atvinnugreininni með þessum hætti og telur að það sé misskilningur að með tillögunum náist fram sá sparnaður sem stefnt er að.

3a)

Samkvæmt þeim upplýsingum sem Skot hefur aflað sér, m.a. í skýrslu vinnuhóps um styrki og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem lögð er til grundvallar frumvarpsins, eru skemmti-, raunveruleika- og viðtalsþættir (innlend smáverkefni) samanlagt talsvert mörg verkefni í heildarmyndinni (um 80%) en í ljósi þess að upphæðirnar sem fara í þennan hluta framleiðslu eru lítil hluti af heildinni (um 8%) þá er trauðla hægt að vonast til að þessar breytingar muni ná fram þeim sparnaði sem stefnt er að. Enn fremur er framleiðsla þessara þátta mikilvæg fyrir kvikmyndaiðnaðinn og veitir fjölda fólks lífviðurværi auk þess að sú þekking sem skapast er ómetanleg.

Mjög mikilvægt er að hafa í huga að kostnaðurinn sem hér um ræðir er endurgreiddur kostnaður sem fallinn er til. Ef upphæðirnar eru háar er það vegna þess að miklu fjármagni hefur verið eytt hér á landi sem gerir hugmyndir um endurgreiðslupak óskiljanlegar.

3b)

Hafa ber í huga að þeir þættir sem nú stendur til að afnema endurgreiðslu á, fá ekki styrki úr Kvikmyndasjóði Íslands. Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að stuðningur hins opinbera til kvikmyndagerðar sé af tvennum toga; annars vegar úr KMÍ og hins vegar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar, en markmiðin með þessum stuðningskerfum eru ólík. Endurgreiðslum er ætlað að efla atvinnugreinina en styrkjum úr KMÍ er ætlað að efla framleiðslu menningarafurða. Skot fær ekki séð hvernig niðurfelling á endurgreiðslum til stórs en kostnaðarlítils hluta íslenskrar framleiðslu, efla atvinnugreinina. Slíkur gjörningur skaðar hana mjög.

Það er illskiljanlegt hvers vegna vilji er til þess að gera upp á milli fyrirtækja í kvikmyndaiðnaðinum og láta þá gjalda hæst sem aðeins geta sótt um endurgreiðslu en ekki styrki úr Kvikmyndasjóði Íslands. Á meðan munu aðrir geta haldið áfram að fá endurgreiðslu og einnig styrki úr Kvikmyndasjóði en þar er um að ræða margfaldar þær upphæðir sem minni verkefni hafa hingað til sótt um endurgreiðslu á.

#### **4. Afstaða stjórnvalda**

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur skýrt fram að það er vilji og hlutverk stjórnvalda að skapa skilyrði fyrir fjölbreytni, sköpun og frumkvæði á sviði lista og menningararfs. Enn fremur segir þar: “Áfram verður unnið að því að efla skapandi greinar sem vaxandi atvinnuveg á Íslandi.”

4a)

Skoti þykir blasa við að umrædd áform stríða gegn þeim pólitísku áherslum og gildum sem allir ríkisstjórnarflokkarnir standa fyrir. Þvert á móti mun frumvarpið, ef það verður að lögum, draga úr fjölbreytni, sköpun og frumkvæði í framleiðslu íslensks sjónvarpsefnis.

4b)

Skoti er fyrimunað að skilja af hverju umrædd tegund af þáttum (innlend smáverkefni) sé skyndilega til skoðunar núna, sérstaklega með tilliti til um hversu lágar upphæðir er um að ræða (sjá lið 3a). Í áformum um lagasetningu segir að með breytingunni verði reynt að nýta fjármuni betur til að viðhalda kerfinu. Skot fær ekki séð hvernig það kemur heim og saman við þær tillögur sem nú eru uppi á borðum, þar sem þeir fjármunir sem settir hafa verið í endurgreiðslu innlendra smáverkefna eru óverulegir í heildarmyndinni en gríðarlega þýðingarmiklir á íslenskum markaði. Enn og aftur, þarna eru lægstu upphæðirnar en flestu klukkustundirnar af innlendu dagskrárefni.

4c)

Í ljósi nýrra laga, sem tóku gildi 1. janúar 2019, um stuðning við útgáfu bóka á íslensku þar sem markmiðið er að *“efla útgáfu bóka á íslensku með því að veita bókaútgefendum tímabundinn stuðning í formi endurgreiðslu á hluta kostnaðar sem fellur til við útgáfu bóka á íslensku”*, lýsir Skot furðu sinni á misvísandi ætlan ríkisstjórnarinnar í málefnum sem snúa að menningar- og málvitund Íslendinga en sjónvarpsefni gerir það, jafnt sem bækur.

Þá má einnig benda á að í frumvarpi til laga um endurgreiðslu á fréttatengdu efni hjá sjálfstæðum framleiðendum er markmiðið að efla sjálfstæða fjölmiðla. Ljóst er að með breytingunum sem hér um ræðir, er enn fremur verið að veikja stöðu sjálfstæðra sjónvarpsstöðva þar sem þær hafa ekki bolmagn til að fjármagna innlend smáverkefni að fullu án endurgreiðslunnar. Þessi breyting er því í beinni mótsögn við þá afstöðu stjórnvalda að vilja styðja og efla sjálfstæða fjölmiðla.

## 5. Íslensk tunga, íslensk menning

Skot furðar sig á að ráðherra atvinnuvega- og nýsköpunar telji það verkefni hins opinbera að stýra því hvað framleitt er af íslensku sjónvarpsefni, þar sem til stendur að “endurskoða og meta hvaða efni getur hlotið endurgreiðslu”.

5a)

Með þessari mismunun í endurgreiðslukerfinu sem nú er lögð til, ætla stjórnvöld að meta hvað er menning og hvað ekki. Skot setur spurningamerki við að leikið efni og heimildamyndir séu skyndilega það eina sem hinu opinbera þyki nógu merkilegt fyrir íslenska áhorfendur. Skot spyr jafnframt hvers vegna viðtalsþættir við merka Íslendinga séu það ekki, ekki ferðaðættir um landið, ekki þættir um íslenska matarmenningu, ekki keppnisþættir í myndveri um íslenskt mál, ekki vandaðir þættir um íslensk heimili og arkitektúr og svo mætti lengi telja. Jafnframt brýtur slíkt mat í bága við 3. grein laga um Ríkisútvarp en þar segir beinlínis:

*“Ríkisútvarpið skal sinna menningarlegu hlutverki sínu m.a. með því að:*

- 1. Leggja rækt við íslenska tungu.*
- 2. Kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru.*
- 3. Þjóða fjölbreytt og vandað menningarefni og fjalla um ólík svið menningar, lista og íþróttá á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag.”*

5b)

Ástæðan fyrir því að núgildandi lög endurspeglu ekki upphafleg markmið laganna, um að laða að erlenda kvikmyndaframleiðslu, er sú að ESA gerði athugasemdir við að menningarlega skírskotun vantaði í lögin. Árið 2000 var markmiðum laganna breytt með þeim hætti að þau skyldu einungis stuðla að eflingu innlendra menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru.

Skot vantar svör við því hvers vegna vilji er núna til að gera lítið úr þessum athugasemdum ESA með því að hefta framleiðslu á íslensku efni, á íslenskri tungu um íslenska menningu.

## 6. Tillaga Skots

Í skýrslu vinnuhópsins segir: “Núgildandi markmið laganna er að stuðla að eflingu innlendra menningar og kynningar á náttúru og sögu landsins en þegar kerfið var sett á fót var eina markmið þess að laða að erlenda kvikmyndagerðarmenn til landsins til að efla innlenda kvikmyndagerð.”


Ítrekað er vísað til að þess að tillögurnar miði að því horfa í auknum mæli til upphaflegs markmiðs og tilgangs laganna en ekki þess sem gilt hefur í síðari tíð. Skoti þykir einsýnt að taka þurfi til endurskoðunar tilgang laganna og þá með það fyrir augum að íslensk fyrirtæki, sem framleiða fjölbreytt íslenskt kvikmynda- og sjónvarpsefni fyrir íslenskan markað, geti vaxið og dafnað í samfélaginu. Aðeins þannig verður greinin sjálfbærari til lengri tíma um leið og íslenskri menningu eru gerð góð skil og málvitund landsmanna ekki sett í hættu.

Erlend fyrirtæki sem framleiða erlent efni á Íslandi eru mikilvæg fyrir kvikmyndaíðnaðinn á Íslandi. Íslensk fyrirtæki eru enn mikilvægari.

Virðingarfyllst,



Inga Lind Karlsdóttir  
stjórnarformaður Skot Productions ehf.



Hlynur Sigurðsson  
framkvæmdastjóri

